



Ævintýraferð fyrir námsmenn



Hverjir
geta tekið þátt?

Allir námsmenn sem skráðir eru í háskóla í einhverjum af hinum 33 Erasmus+ **þátttökulöndum** og í Horizon 2020 **samstarfslöndunum**.

Skoðuðu upplýsingarnar á vefsvæði háskólans þíns og leitaðu að Erasmus+ starfsþjálfun í öðrum þátttökulöndum. Þú getur einnig fengið nánari upplýsingar hjá starfsráðgjafa eða alþjóðasskrifstofu háskólans þíns. Þar færð þú upplýsingar um skilyrði fyrir umsókn og hvernig er valið úr hópi umsækjanda fyrir Digital Opportunity Traineeships¹.

Hvernig
sæki ég um?

Hverjir
eru kostirnir fyrir námsmenn?

Þú getur bætt stafræna færni þína með starfsþjálfun í fyrirtæki í hvaða þátttökulandi sem er.

Hvernig
finn ég fyrirtæki fyrir starfsþjálfun?

Hægt er að finna tilboð um starfsþjálfun á **Drop'pin@EURES** eða **ErasmusIntern**, merkt sem Digital Opportunity Traineeships. Þú getur haft beint samband við fyrirtækin gegnum vefsvæðin.

Eins fljótt og hægt er! Starfsþjálfun getur hafist í júní 2018 og þjálfunin getur staðið yfir í 2 til 12 mánuði.

Hvenær
get ég byrjað?



Fæ
ég einhverja þóknun fyrir starfsþjálfunina?

Að sjálfsgöðu - við ætlumst ekki til að þú vinnir án þess að fá greitt fyrir! Starfsmenn Erasmus+ fá greiðslu sem nemur að meðaltali 650-750 evrum á mánuði, en nákvæm upphæð fer eftir viðkomandi landi. Fyrirtæki geta bætt við úthlutaðan styrk - ræddu endilega við fyrirtækin um það.



Hvað
læri ég meðan á starfsþjálfun minni stendur?

Vonandi alveg heilmikið! Áður en starfsþjálfunin hefst skrifar þú og fyrirtækið sem þú verður í þjálfun hjá undir „Samning um nám í starfsþjálfun“ þar sem gerð verður grein fyrir kröfum og tilætluðum árangri þjálfunarinnar. Við gerum ráð fyrir að þú viljir einnig deila ýmsu með fyrirtækinu.



¹ Hafðu í huga að í sumum háskólum gildir sama ferli fyrir Digital Opportunity Traineeships eins og Erasmus+ starfsþjálfun.